

1976 nr. 40 23. maí**Lög um sálfræðinga**

Tóku gildi 11. júní 1976. *Breytt með* l. 68/1988 (tóku gildi 8. júní 1988), l. 54/1996 (tóku gildi 31. maí 1996), l. 82/1998 (tóku gildi 1. okt. 1998), l. 41/2007 (tóku gildi 1. sept. 2007), l. 12/2008 (tóku gildi 1. apríl 2008) og l. 88/2008 (tóku gildi 1. jan. 2009 nema brbákv. VII sem tók gildi 21. júní 2008).

■ **1. gr.** Rétt til að kalla sig sálfræðinga hér á landi hafa þeir einir sem til þess hafa fengið leyfi [landlæknis].¹⁾

□ Öðrum aðilum er óheimilt að nota starfsheiti sem til þess er fallið að gefa í skyn að þeir hafi hlotið löggildingu sem sálfræðingar.

¹⁾ L. 12/2008, 19. gr.

■ **2. gr.** Leyfi samkvæmt 1. gr. má aðeins veita þeim sem lokið hafa kandídatprófi eða öðru hliðstæðu prófi í sálarfræði eða sálfræðilegri uppeldisfræði sem aðalgrein við háskóla á Norðurlöndum eða sambærilegu prófi við aðra háskóla, hvort tveggja að fenginni umsögn Sálfræðingafélags Íslands.

□ Ef sérstakar ástæður mæla með því er einnig heimilt að veita þeim takmarkað eða tímabundið leyfi samkvæmt 1. gr. sem hafa aðra háskólamenntun en hafa við sjálfstæðar sálfræðilegar eða uppeldisfræðilegar rannsóknir eða hagnýt störf sýnt að þekking þeirra er sambærileg við þá sem nefnd er í 1. mgr., enda liggja fyrir meðmæli Sálfræðingafélags Íslands.

□ Heimilt er að synja manni leyfis ef 2. mgr. 68. gr. almennta hegningarlaga á við um hagi hans.

■ **3. gr.** Sálfræðingi er skylt að gæta þagmælsku um atriði sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara

samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda nær einnig til samstarfsmanna sálfræðings, þ. á m. til fræðimanna sem fá aðgang að gögnum í vísindalegum tilgangi. Þagnarskylda helst þótt viðkomandi láti af störfum.

■ **4. gr.** [Um eftirlit með sálfræðingum, veitingu áminningar og sviptingu starfsleyfa eða takmörkun starfsréttinda sem veitt eru samkvæmt lögum þessum og endurveitingu slíkra réttinda gilda ákvæði laga um landlækni.

□ Ákvæði læknalaga gilda að öðru leyti eftir því sem við getur átt um sálfræðinga.]¹⁾

¹⁾ L. 41/2007, 24. gr.

■ **[5. gr.]**¹⁾ Enginn sálfræðingur má kalla sig sérfræðing í sérgrein innan sálarfræði nema hann hafi fengið til þess leyfi [landlæknis].²⁾

□ [Heilbrigðisráðherra]²⁾ setur nánari ákvæði í reglugerð³⁾ um skilyrði fyrir veitingu leyfis til að kalla sig sérfræðing í einhverri af sérgreinum sálarfræðinnar.]⁴⁾

¹⁾ L. 41/2007, 24. gr. ²⁾ L. 12/2008, 20. gr. ³⁾ Rg. 158/1990, sbr. 966/2008. ⁴⁾ L. 68/1988, 1. gr.

■ **[6. gr.]**¹⁾ Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum . . . ²⁾ eða fangelsi allt að þremur mánuðum. . . ³⁾

¹⁾ L. 41/2007, 24. gr. ²⁾ L. 82/1998, 168. gr. ³⁾ L. 88/2008, 233. gr.

■ **[7. gr.]**¹⁾ [Heilbrigðisráðherra]²⁾ getur sett nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd laga þessara.

¹⁾ L. 41/2007, 24. gr. ²⁾ L. 12/2008, 21. gr.

■ **[Ákvæði til bráðabirgða.** Starfsleyfi sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur gefið út samkvæmt lögum þessum fyrir 1. apríl 2008 halda gildi sínu þrátt fyrir ákvæði 1. og 5. gr. laganna.]¹⁾

¹⁾ L. 12/2008, 22. gr.